

**Ed.**

**875. Nefndarálit**

**[270. mál]**

um frv. til laga um heimild fyrir ríkisstjórnina til að taka lán vegna framkvæmdaáætlunar fyrir árið 1972.

Frá 2. minni hl. fjárhagsnefndar.

Með frv. þessu er stefnt að margfaldri aukningu framkvæmda innan ramma framkvæmdaáætlunar ríkisins fyrir árið 1972, miðað við s. l. ár. Allar eru framkvæmdir þessar nytsamlegar, en þessi stórkostlega aukning opinberra framkvæmda, sem er í beinu framhaldi af 50% hækkun fjárlagaútgjalda, eykur mjög á þá verðbólguöldu og þenslu í öllum greinum efnahagskerfisins, er nú vex dag frá degi, svo sem rækilega er rökstutt og varað við í skýrslu fjármálaráðherra um ástand og horfur í efnahagsmálum. Viljum við hafa hliðsjón af þeim varnaðarorðum fjármálaráðherra og treystum okkur því ekki til að styðja efnahagsstefnu þá, sem frv. þetta er einn þáttur í og stefnir í öfuga átt við þá þróun, sem fjármálaráðherra í skýrslu sinni telur mikilvægt að verði til að forða frá alvarlegum vandræðum.

Um nánari rökstuðning fyrir afstöðu okkar til þessa frv. vísast til hins rækilega álits nefndarmanna Sjálfstæðisflokksins í fjárhagsnefnd Nd., og munum við í samræmi við það sitja hjá við afgreiðslu málsins.

Alþingi, 16. maí 1972.

Geir Hallgrímsson,      Magnús Jónsson.  
frsm.